



## Ársskýrsla deildar sjúkraliða með sérnám 2019 – 2020

Á aðalfundi 19. nóvember 2019 var kosinn nýr formaður og varamaður í stjórn aðrir stjórnendur gáfu kost á sér til endurkjörs og var það einróma samþykkt.

Við fengum skemmtilegan fyrirlestur um “Hygge”. Fyrirlesturinn fjallaði um hvernig við getum tileinkað okkur huggulegan lífsstíl og hamingju sem var opin fyrir alla sjúkraliða en ekki bara sjúkraliða með sérnám. Þegar dagskrá lauk var boðið upp á léttar veitingar.

Ekki voru neinar útskriftir þetta árið, en þar sem Háskólinn á Akureyri mun bjóða upp á fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða verður gaman að fylgjast með þegar námið hefst. Langþráður sigur í baráttunni hjá félaginu.

Stjórnin náði einungis einum fundi áður en allt skall í lás vegna Covid-19. Farið var að vinna að vettvangsferð sem átti að fara þann 23. apríl 2020 en öllu var aflýst í kjölfarið.

Vegna Covid-19 hefur öll starfsemi deildarinnar legið niðri frá því í mars/apríl 2020 og hefur þetta formannsár litast af því.

Í stjórn sitja,  
Sigríður Inga Haraldsdóttir, formaður  
Jakobína Rut Daníelsdóttir  
Hulda Birna Frímansdóttir  
Guðmunda Steingrímsdóttir  
Kristín Guðmundsdóttir

Varamaður í stjórn,  
Brynhildur Hall

Sigríður Inga Haraldsdóttir, formaður